

# Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 23. nóvember. 2009

Mættar: Hulda Klara Hjaltadóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Telma Dögg Guðlaugsdóttir og Hafdís N. Hafsteinsdóttir.

## 1. Undirbúningur félagsfundar

Félagsfundur undirbúinn. Hulda Klara verður fundarstjóri. Glærur eru tilbúnar. Nauðsynlegt að tæknimálin verði í lagi.

## 2. Laufabrauðsgerð

Laufabrauðsgerð er í fullum gangi. Mikilvægt að setja niður upplýsingar í lokin um magn hráefnis og fjölda foreldra svo að hægt sé að ganga að upplýsingunum á næsta ári.

## 3. Fréttabréfið

Undirbúningur fréttabréfs er í fullum gangi og von á að því verði dreift meðal nemenda í næstu viku.

## 4. Bekkjarmöppur

Lars, aðstoðarskólastjóri, hefur áhyggjur af því að möppur Heimilis og skóla standi í bekkjarrýmunum. Ákveðið að þær verði geymdar í herbergi inn af bókasafni. Mikilvægt að hvetja foreldra til að kíkja í þær og kynna sér málin.

## 5. Gíróseðlar

Gíróseðlar vegna félagsgjalda FFA eru tilbúnir. Þeir verða sendir út fljótlega. Lars mun senda út tilkynningu til foreldra/forráðamanna.

## 6. Olweusarverkefni.

Núna vantar tvo fulltrúa foreldra í stýrihóp vegna Olweusarverkefnis. Hulda Klara er tilbúinn til að vera í hópnum. Auglýst verður eftir öðrum á félagsfundi.

## 7. Fulltrúi FFGÍR

Kristjana og/eða Jóna Guðrún hafa sett fundi FFGÍR. Þar sem Kristjana er nú flutt til Jamaica vantar fulltrúa. Lovísa sagðist tilbúinn til að vera fulltrúi FFA í FFGÍR. Jóna Guðrún sagðist hafa beðið Ingigerði verkefnisstjóra FFGÍR að bæta allri stjórn FFA á tölvupóstlistann sinn. Þannig gætu allar stjórnarkonur fylgst með málum.

## 8. Heimasíða FFA

Svæði FFA á heimasíðu Akurskóla er loksins komið í lag.

## 9. Meðlæti á félagsfundi

Eitthvað smávægilegt verður keypt með kaffinu til að hafa á fundinum á miðvikudag í tilefni komandi aðventu.

## **10. Starfsreglur skólayfirvalda í samskiptum heimilis og skóla**

Jóna Guðrún sagði mikilvægt að biðja fagrað að spyrjast fyrir um starfsreglur skólans varðandi samskipti heimilis og skóla.

## **11. Hádegishlé**

Einnig er mikilvægt að fagraðið spyrjist fyrir um hvort að ekki sé hægt að gera hádegishlé nemenda notalegra með því að þau skammti sér sjálf á diskana og fái matinn á borðið. Þá verða einnig allar raðir úr sögunni.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir